



DET KONGELIGE  
HELSE- OG OMSORGSDEPARTEMENT

Stjórnarráðið

Norðurlandaráð  
Ved Stranden 18  
DK-1061 København K  
Danmark

Tilvísun yðar  
E 19/2017

Tilvísun okkar  
17/4165-

Dagsetning  
16.11.2017

**Svar við skriflegri fyrirspurn um samræmingu á geymslupolsmerkingum matvæla á Norðurlöndum**

Ég vísa til skriflegrar fyrirspurnar E 19/2017 frá sjálfbærninefnd Norðurlandaráðs til ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar.

**Spurningar:**

1. Hefur tillögum skýrslunnar Food waste and date labelling (TemaNord 2016:523) verið fylgt eftir og ef svo er hvaða árangri hefur það skilað?
2. Hver er ástæðan fyrir því að ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) ákvað á sumarfundinum að verða ekki við tillögum um samræmingu á geymslupolsmerkingum á matvælum á Norðurlöndum?

**Svar**

Norræna ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) hefur lagt áherslu á matarsóun um margra ára skeið og er hún eitt forgangsmála í samstarfsáætlun MR-FJLS 2017–2020.

Á fundi MR-FJLS í Álasundi í júní 2017 tóku norrænu matvælaráðherrarnir ákvörðun um að halda áfram norrænu samstarfi um matarsóun. Ráðherrarnir fólu embættismannanefndinni um matvæli að kanna hvernig tillögum verkefnisins um matarsóun verði best fylgt eftir, þar á meðal tillögum skýrslunnar Food waste and date labelling (TemaNord 2016:523). Embættismannanefndin ákvað að hefja verkefni í þeim tilgangi að fylgja eftir starfinu um matarsóun. Verið er að þróa innihald verkefnisins.

Varðandi tillögurnar um að samræma geymsluþolsmerkingar matvæla á Norðurlöndum, vil ég vísa til þess að í gildi er sameiginleg löggjöf um geymsluþolsmerkingar í öllum ESB-löndunum auk Íslands og Noregs í samræmi við EES-samninginn.

Í reglugerðinni um miðlun upplýsinga um matvæli kemur fram að forþökkuð matvæli skuli geymsluþolsmerkja. Geymsluþolsmerkingar eru tvenns konar: „Síðasti notkunardagur“ og „Best fyrir“. Matvæli sem verða auðveldlega fyrir skemmdum og hættuleg heilsu fólks ber að merkja með „síðasta notkunardegi“ á undan dagsetningunni. Flest önnur matvæli ber að merkja með „best fyrir ...“ eða „best fyrir lok ...“. Dagsetningin á „best fyrir“-matvælum segir til um hve lengi matvaran heldur gæðum sínum og öðrum eiginleikum. Á matvælum sem merkt eru með „síðasta notkunardegi“ ber að veita leiðbeiningar um örugg geymsluskilyrði. Sama á við um vörur sem merktar eru „best fyrir“ ef geyma þarf matvöruna á tiltekinn hátt. Um sum matvæli eru engar kröfur gerðar um geymsluþolsmerkingar. Á það meðal annars við um ferska ávexti og grænmeti og nýbakað brauð og kökur.

Það er framleiðandinn sem metur geymsluþolið og merkir matvöruna með dagsetningu. Framleiðendurnir þekkja hráefnið og vinnsluferlin. Geymsluþolstíminn er ákveðinn út frá algengum og raunverulegum geymsluskilyrðum við dreifingu, geymslu og sölu. Framleiðendur geta tekið tillit til breytilegra ytri aðstæðna, til að mynda eftir árstíðum, sem hafa áhrif á geymsluþol matvörunnar. Framleiðendur miða geymsluþolstíma yfirleitt út frá mest krefjandi en raunverulegum skilyrðum á árinu.

Norræna verkefnið sýndi hinsvegar að fyrirtæki túlka reglugerðina á ólíkan hátt þegar valin er tegund geymsluþolsmerkingar auk þess sem munur getur verið á leiðbeiningum norrænu landanna. Niðurstaðan bendir til þess að bæta þurfi skilning og leiðbeiningar um geymsluþolsmerkingar matvæla fyrst að fyrirtæki túlka löggjöfina á ýmsa vegu. Með hliðsjón af þessu þurfa yfirvöld í löndunum að meta í samráði við viðkomandi atvinnugreinar hvort tilefni sé til frekari aðgerða.

Ég kem ekki auga á að reglugerðin um miðlun upplýsinga um matvæli veiti svigrúm til að breyta reglum eða samræma reglur norrænu landanna enn frekar.

Kveðja,



Bent Høie